

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 27. febrúar 2015

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fríverslunarsamning við Japan, 127. mál.

Samtök atvinnulífsins, Samtök ferðaþjónustunnar, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi og SVP – Samtök verslunar og þjónustu (samtökin) lýsa yfir stuðningi við framkomna tillögu til þingsályktunar um að ríkisstjórnin hefji þegar undirbúning fríverslunarsamnings við Japan á grundvelli yfirlýsinga japönsku ríkisstjórnarinnar um að auka hlut fríverslunar í milliríkjaviðskiptum.

Samtökin telja það þjóna íslenskum hagsmunum á breiðum grundvelli að auka og efla milliríkjaviðskipti. Viðskipti við Japani hafa verið íslenskum fyrirtækjum afar mikilvæg og fríverslunarsamningur við Japan er líklegur til að auka þau viðskipti og gera þau hagkvæmari.

Samtökin leggja áherslu á að strax verði unnið að því að gera matvælaeftirlit landanna gagnkvæmt og að fella niður hindranir því tengdu.

Virðingarfyllt,



f.h. Samtaka atvinnulífsins



f.h. Samtaka iðnaðarins



f.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi



f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



f.h. Samtaka verslunar og þjónustu